

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar vegna ÍB17 og VP17 í Holtahverfi.

Skipulagsstofnun staðfesti 16. september 2025 breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar 2018-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 21. ágúst 2025.

Í breytingunni felst að á reit ÍB17 er byggingarmagn aukið, hámarksfjöldi íbúða aukinn úr 40 í 60 og hámarkshæð bygginga hækkuð úr tveimur hæðum í þrjár. Sett er kvöð um trjágróður og aðgengi í bílakjallara fjölbýlishúsa við Miðholt frá Langholti. Á reit VP17 er gert ráð fyrir verslun og þjónustu á jarðhæð en búseta heimiluð á efri hæðum bygginga.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 16. september 2025.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 30. september 2025